

Mánudaginn 30. apríl 1984.

Nr. 69/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Þuríði Bergmann Jónsdóttur

Kærumál. Kröfu um vitnaleiðslu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. apríl 1984 samkvæmt heimld í 9. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Kærugögn bárust Hæstarétti 12. apríl 1984, en greinargerð verjanda 25. apríl s.á. Krefst varnaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, „að vitnin Björg Jóhannesdóttir og Helgi Skúla-son beri vitni í máli þessu.“ Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist greinargerð né kröfur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, enda eru kröfur verjanda haldlausar.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Mál þetta er að ófyrirsynju kært til Hæstaréttar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. apríl 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 10. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Til meðferðar er hjá dómnum ákæra, dags. 8. desember 1983, á hendur Þuríði Bergmann Jónsdóttur skreytingamanni, til heimilis að Þingholtsstræti 13, Reykjavík, fæddri 3. febrúar 1933 í Reykjavík, vegna ætlaðs brots hennar gegn 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald

og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982 og gegn 2. mgr. 22. gr., sbr. 32. gr., sbr. 4. tl. ákv. til bráðabirgða laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 50, 1981.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík, dags. 30. 04. 1983, stöðvuðu lögreglumenn ákærðu, þar sem hún var á gangi með hund í keðju á Þórsgötu. Í samtali lögreglumanna við ákærðu greint sinn kom fram, að hún vissi um bann við hundahaldi í borginni og jafnframt að hún væri því mótfallin.

Ákærða var yfirheyrd hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 13. 05. 1983 og viðurkenndi þá að hafa haldið umræddan hund af Labradorkyni, sem gegnir nafninu Labbi Mýró, í nálægt 5 ár og hefði ekki í huga að koma hundinum fyrir, þar sem hundahald er leyfilegt, né láta aflífa hann.

Þann 10. 10. 1983 hafði lögreglan í Reykjavík samband símleidis við ákærðu, og kvaðst hún enn halda ofangreindan hund og hygðist enga breytingu gera þar á.

Skýrsla var tekin af ákærðu þann 30. 11. 1983, þar sem hún staðfesti, að hún héldi enn fyrrnefndan hund á heimili sínu.

Ákærða kom fyrir dóm þann 11. 01 1984 og viðurkenndi enn að halda tittnefndan hund á heimili sínu.

Ákærða kom enn á ný fyrir dóm þann 09. 04. sl. og staðfesti þá, að efni skýrslanna frá 13. 05. og 30. 11. 1983 væri rétt, þ.e. að hún hafi haldið hund á heimili sínu og hygðist halda því áfram, og staðfesti ákærða einnig, að undirskriftir undir skýrslurnar væru réttar.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu, dags. 10. 04., féllst ákærða á sátt og sektargreiðslu þann 27. 07. 1978 vegna ólögmæts hundahalds. Þann 12. 08. 1983 var ákærða dæmd í sakadómi Reykjavíkur vegna ólögmæts hundahalds.

Lögmaður ákærðu hefur krafist þess með bréfi, dags. 02. 04. 1984, að vitnin Björg Jóhannsdóttir lögreglumadur og Helgi Skúlason lögreglumadur beri vitni í máli þessu. Lögmaðurinn kveður ástæðu fyrir kröfu sinni vera þá, að hann telur, að ofangreind vitni geti gefið upplýsingar um, með hvaða hætti staðið er að rannsókn mála þessara. Jafnframt telur lögmaðurinn þörf á að upplýsa, hvort hafi verið ákvæða laga um meðferð opinberra mála við yfirheyrslu þá, er fram fór þann 13. 05. 1983.

Dómurinn fær ekki séð, að það hafi þýðingu í máli þessu, hvernig almennt sé staðið að rannsókn á ólögætu hundahaldi í borginni, enda liggur ekki annað fyrir en að hún hafi farið fram lögum samkvæmt. Er því kröfu lögmansins um, að fyrrnefnd vitni verði leidd fyrir dóm, synjað.

Í skýrslu, sem tekin var af ákærðu þann 13. 05. 1983, er bókað, að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74, 1974 í upphafi skýrslugjafar. Ákærða ritaði nafn sitt undir skýrsluna í greint sinn, þar sem hún staðfestir, að efni skýrslunnar sé rétt. Ákærða kom fyrir dóm þann 09. 04. sl. og staðfesti efni skýrslunnar frá 13. 05. 1983 og kannaðist við undirskrift sína. Ástæðulaust er að ætla annað en að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74, 1974 greint sinn, svo sem bókað hefur verið, og er kröfu lögmannsins um yfirheyrslu vitnanna Bjargar Jóhannesdóttur lögreglumanns, sem skýrsluna tók, og Helga Skúlasonar lögreglumanns, sem var vottur, því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Haralds Blöndal hrl., um, að vitnin Björg Jóhannesdóttir lögrelgumaður og Helgi Skúlason lögrelgumaður komi fyrir dóm og lýsi, hvernig almennt er háttað rannsókn á ólögmetu hundahaldi hér í borg, er hafnað. Kröfu Haralds Blöndal hrl. um, að vitnin Björg Jóhannesdóttir lögrelgumaður og Helgi Skúlason lögrelgumaður komi fyrir dóm og upplýsi, hvort gætt hafi verið 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74, 1974 við yfirheyrslu þann 13. 05. 1983, er og synjað.

Miðvikudaginn 2. maí 1984.

Nr. 82/1983. **Íscargo h/f**
 gegn
Vængjum h/f

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Íscargo h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Vængjum h/f, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 4.000.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
